

Almennur fundur í fjallskiladeild Miðfirðinga haldinn í Laxahvammum 22. apríl 2014.

Rafn Benediktsson formaður setti fundinn. Bauð fundarmenn velkomna. Tilnefndi Skúla Þórðarson sem fundarstjóra og Ólöfu Þorsteinsdóttur sem ritara.

Rafn fór yfir lykiltölur í rekstri fjallskiladeildarinnar á síðasta ári m.a. kostnað vegna vegagerðar og viðhalds heiðargirðingar. Talaði um óvenjulegar göngur haustið 2013 og útskýrði aukinn kostnað vegna þess. Rafn greindi auk þess frá að hesthús á Húki væri talið ónothæft og í haust hefði verið girt með rafstreng við hesthúsið, slíkt gengi ekki í hrakviðri. Sagði að send hefði verið fjárbeiðni til sveitastjórnar vegna lagfæringa á húsi sem er á hlaðinu á Húki. Beiðninni hefði verið hafnað. Fjallskilastjórn væri búin að senda sveitarstjórn bréf með ósk um að þeir tæku málið til endurskoðunar.

Skúli Þakkaði skjót og góð viðbrögð vegna gangna í haust.

Eggert Pálsson sagði að ekki hefði verið borguð leiga fyrir hesthús á Bjargastöðum í haust. Betra hefði verið að fá að vita af því fyrir göngur. Ræddi kostnað vegna funda í fjallskilastjórn. Ræddi um áfengisnotkun í göngum, ítrekaði ósk sína um að tekið verði á þeim málum.

Þorsteinn Helgason sagðist ósáttur við álagningu fjallskila m.a. hækkun álagningar á landverð úr 1% í 1,8% á fáum árum og að ekki sé veittur afsáttur vegna fjár sem gengur í heimahögum eins og gert hefði verið í áratugi. Talaði um lága leigu fyrir safngirðingu á Húki og að hesthúsaleiga hefði því sem næst staðið í stað í nokkur ár. Spurði hvort fjallskilastjórn hefði skoðað leiðir til breyta álagningu fjallskila.

Böðvar Sigvaldi fór yfir álagningu fjallskila, benti á að þegar gefnir voru afslættir vegna fjár sem gekk í heimahögum hefði ekki verið farið að lögum. Ekki væri heimilt að gera greinarmun á fjallskilaskyldum fénaði sem gekk í heimahögum eins og gert var, en einungis þeir sem ekkert fluttu á heiði fengu afsláttinn. Auk þess sem skýrt væri kveðið á um það í fjallskilareglugerð að aðeins væri hægt að gefa slíka afslætti þar sem fénaður gengi í öruggum girðingum. Benti á að í nýju erindisbréfi fyrir fjallskilastjórnir væri kveðið á um að fjallskil skuli lögð á lögum samkvæmt.

Þorsteinn taldi heiðargirðingu ekki alltaf í lagi. Vildi sanngjarna álagningu fjallskila.

Rafn sagði að auðvitað hefði átt að ræða við Eggert vegna hesthúsaleigu og baðst afsökunar á því að það hefði ekki verið gert. Sagði að reynt væri að halda aftur af útgjöldum. Sagði fjallskilastjórn skylt að fara að lögum við álagningu fjallskila.

Helgi Björnsson sagði að það myndi aldrei borga sig fyrir hann að girða til að fá afslátt af fjallskilum. Sagðist líta á það sem sinn afslátt að þurfa ekki að reka fé á heiði.

Jóhannes Björnsson ræddi um álagningu á landverð og hvort ekki mætti lækka það. Talaði um að göngur gangi illa. Leggja þyrfti áherslu á að fyrsta leit takist vel.

Helgi talaði um að ekki ætti að borga þeim sem ekki sinntu sinni vinnu.

Ari Guðmundur Guðmundsson talaði um að gangnastjórar gætu gefið skýrslu um það hverjir sinni ekki sinni vinnu.

Steini talaði um að ekki væri að öllu leiti farið eftir fjallskilareglugerð og nefndi kauptaxta sem dæmi.

Stefán ræddi um að það lægi fyrir að lækka þyrfti álagningu á landverð, vegna breytinga í fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra, sem tók gildi 4. júlí 2013. Fjallskilastjórnir yrðu að fara að lögum um álagningu fjallskila.

Eggert taldi að dagurinn sem farið er fram sé stærsta vandamálið vegna áfengisnotkunar. Sagði að farið hefði verið að veita afslátt af fjallskilum þegar álagið á heiðina var hvað mest.

Ingimar Guðmundsson spurði út í kostnað við flugleit, vinnu og leigugjöld.

Magnús Magnússon ræddi um að skynsamlegast væri að taka fyrir áfengisneyslu þegar menn væru í vinnu.

Helgi taldi að setja mætti í gangnaseðil að menn ættu að vera allsgáðir á vinnutíma.

Stefán sagði vera heimild í reglugerð til að borga ekki mönnum ef þeir sinni ekki sinni vinnu.

Rafn ræddi að álagning á landverð væri til að allir jarðeigendur borguðu fjallskil. Það að fé væri ekki jafn vant rekstri nú og fyrir 10 – 20 árum, gæti verið ein skýringin á af hverju göngur gangi illa. Tók undir það að setja mætti klásúlu í fjallskilaboð varðandi meðferð áfengis. Þakkaði skjót viðbrögð á sveitastjórnarskrifstofu vegna gangna í haust. Sagði að flug hefði kostað 206.000kr. og kostnaður vegna vinnu við seinni leit væri ca. helmingi hærri en árið 2012.

Eggert taldi það ekki skýringu á að göngur gangi illa að fé væri óvant rekstri.

Jóhannes spurði hvort ekki væri ráðlegt að fjölga mannskap í fyrstu göngum til að lækka kostnað vegna seinni gangna.

Stefán ræddi að meiri mannskap hefði þurft til aðstoðar í seinni göngum þegar ljóst var hversu margt fé hefði orðið eftir.

Böðvar Sigvaldi ræddi um að mikilvægt væri að flugleit hæfist tímanlega að morgni, svo menn hefðu daginn fyrir sér. Velti því fyrir sér hvort menn sem færu niður með hestana gætu aðstoðað við smölun með því að koma til baka á móts við gangnamenn.

Þorsteinn sagðist geta sagt upp samningi vegna safngirðingar og hesthúss, taldi ekki þjóna tilgangi að koma með tillögu um að breyta álagningu fjallskila þar sem enginn vilji væri hjá fjallskilastjórn að skoða málið.

Rafn sagði samninga um safngirðingar og hesthús gamla og jafnvel ekki til, endurnýja þyrfti þá svo allt væri á hreinu.

Skúli ræddi um að upphæðir vegna leigu á safngirðingum og hesthúsum væru lágar.


Þorsteinn lagði fram eftirfarandi bréf.

Fosshóli 22 apríl 2014-04

Fjallskilastjórn Miðfirðinga

Undirritaður segir hér með upp afnotum af landi frá og með 1 ágúst 2014 undir safngirðingu og geymslu á hrossum að Húki í Vesturárdal.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in cursive script, reading "Þorsteinn B Helgason", written over a horizontal dashed line.

Þorsteinn B Helgason

Ari greindi frá því að fjallskilastjórn hefði í haust reiknað út lambsverð. 1 lambsverð í haust hefði verið 13.500kr. Sú tala væri nú grunnur til útreikninga og væri vísitölutengd.

Rafn þakkaði góðar umræður.

Skúli þakkaði fundarmönnum góðar og málefnalegar umræður og sagði svo fundi slitið.

Ólöf Þorsteinsdóttir, fundarritari.